

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 214/2010 um humarveiðar.

1. gr.

- a) Í stað orðanna „til og með 31. október“ í 2. gr. komi orðin: til og með 30. nóvember.
- b) Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er óheimilt að stunda veiðar með humarvörpu á svæði 7: Eldeyjarsvæði á tímabilinu frá og með 25. október 2010 til og með 30. nóvember 2010.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 20. október 2010.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Hrefna Karlsdóttir.